

4. Svínavatnshreppur og Torfalækjar-hreppur.
5. Áshreppur og Sveinsstaðahreppur.
6. Þorkelshólshreppur og Þverárhreppur út að Vesturhópshólum, að þeim bæ meðtöldum, og þeir bæir í Kirkjuhvammshrepp, sem eru í Víðidalstungusókn.
7. Vatnsnes frá Vesturhópshólum að austan til Hamarsár að vestan.
8. Melstaðarprestakall utan frá Hamarsá og yztu bæir af Staðarhrepp að Þóroddsstöðum með töldum.
9. Staðarbakkaprestakall og fremri hluti Staðarhrepps utan frá Þóroddsstöðum.

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri 2. oktbr. 1889.

J. Havsteen.

119

2. oktbr.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um samþykkt um lundaveiði á Vestmannaeyjum — Með þóknanlegu brjefi, dags. 14. p. m., hafið þjer, herra amtmaður sent hingað samþykkt nokkra, sem gjörð hefur verið af 30 ábúendum umbodsjarða á Vestmannaeyjum til þess að koma í veg fyrir eyðilegging lundaveiðinnar þar á staðnum, og hafið þjer lagt það til, samkvæmt tilmælum sýslumannsins í Vestmannaeyjum, að landstjórnin samþykki að 1. og 2. gr. framannefndrar samþykktar framvegis skuli gilda að því er snertir umbodsjarðirnar á Vestmannaeyjum, þannig að brot gegn þeim hafi sömu afleiðingar og brot gegn öðrum greinum í byggingarbrjefum þessara jarða.

Útaf þessu skal yður hjermed þjónustusamlega tjáð, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að eins og löglegum samningum yfir höfuð eigi verður breytt af einum hlutaðeiganda að öðrum málsaðilum fornspruðum, eins getur þeim, sem fengið hafa lögleg byggingarbrjef fyrir umbodsjörðum á Vestmannaeyjum, ekki orðið gjört að skyldu að hlýta nýjum viðbótum við eða breytingum á skilmálum þeim, sem þeir hafa undirgengið, þar sem þeir hafa fullan rjett á að halda sjer til byggingarbrjefa sinna. En með því að reglur þær, sem settar eru í 1. og 2. gr. fyrnefndrar samþykktar virðast að öðru leyti hentugar*, þá skal hjermed þjónustusamlega skorað á yður að hlutast til um að reglur þessar verði framvegis teknar upp í þau byggingarbrjef, sem hjer eptir verða útgefin fyrir umbodsjörðum á Vestmannaeyjum, og að þeim eptir samkomulagi við hlutaðeigendur verði bætt við í byggingarbrjefum þeirra leiguliða á tjeðum jörðum, sem góðfúslega vilja samþykkja, að slík viðbót sje gjörð við byggingarskilmálana.

120

20. nóv.

Brjef landshöfðinga til amtmannsins yfir Norður og Austuramtinu um styrk handa alþýðuskólanum á Hljeskógum. — Útaf þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 7. f. m., þar sem þjer mælið með þeirri beiðni forstöðumanns Hljeskógaskólans, Einars umbodsmanns Ásmundssonar, að jeg veiti skólanum 500 kr. styrk fyrir yfistandandi ár samkvæmt fjárlaganna 13. gr. B. V. c. 2., skal yður hjermed tilkynnt til þóknanlegrar leiðbeiningar og til frekari birtingar fyrir forstöðumanni alþýðuskólans í Hljeskógum, að jeg sje mjer ekki fært að ávísa tjeðri uppbæð til útborgunar úr landssjóði bæði sökum umræðna þeirra, er urðu um þennan skóla á alþingi síðastliðið sumar og sökum þess, að skýrsla sú um skólann fyrir síðastliðið skólaár, sem fylgdi nefndu brjefi yðar, ber það með sjer, að einungis einn lærisveinn hefur verið á honum hið umrædda skólaár að staðaldri, og au khans að eins tveir, sinn mánuðinn hvor.

121

2. des.

*) Í greinum þessum var ákveðið:

1. Að eigi mætti byrja neinskonar lundaveiði fyrr en fullar 10 vikur af sumri, og skyldi hætta eigi síðar en 14 vikur af sumri. Lundinn skyldi friðhelgur sóla á milli á virkum dögum, svo og alla helgidaga.
2. Að lundir skyldi að eins veiddur með háfi, en alls eigi með greflum, eða annarskonar veiðiaðferð, og að hvorki í heimalandi nje í uteyjum mætti pysju veiða nema í Almenningskeri og í fylabyggð með samþykki sameignarmanna.